

VESTURLANDSDEILD, sími 93-7197

Unnið fyrir
Veiðifélag
Straumfjarðarár

STRAUMFJARÐARÁ 1986


LAXARANNSÓKNIR

SIGURÐUR MÁR EINARSSON

Eintak bókasafns 1987.

Veiðimálastofnun.

VMST-V/87008



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf.

HVERFISGÖTU 116
- INNG. FRÁ HLEMMI

PÓSTH. 5252
125 REYKJAVÍK

SÍMI 91-621811

BORGARNESI, febrúar 1987

VMST-V/87008

LAXARANNSÖKNIR Í STRAUMFJARDARA 1986

1. INNGANGUR

Hér verður fjallað um niðurstöður rannsókna á laxastofni Straumfjarðarár sem fram fór 10.-11. júlí 1986 að tilhlutan Veiðifélags Straumfjarðarár.

Helstu markmið rannsóknarinnar var að kanna uppeldis- og hrygningarskilyrði fyrir lax og meta ástand laxaseiða í ánni á fiskgenga hlutanum. Þá var ófiskgengi hluti ársinnar skoðaður með tilliti til uppeldisskilyrða fyrir laxaseiði.

2. STADHÆTTIR

Straumfjarðará kemur að hluta til úr tveimur vötnum, Hraunfjarðarvatni og Baulárvallavatni, en að hluta er áin dragá. Þannig falla nokkrar þverár og lækir í ána og má þar nefna, Köldukvísl, Fáskrúð og Laxá (Mynd 1). Straumfjarðará er um 15 km að lengd og þar af er áin fiskgeng um 11 km að fossi ca. 1 km ofan við bæinn Dal. Meðalsumarrennsli ársinnar hefur verið áætlað um 2.3 m³/s.

Laxveiði á stöng hefur lengi tíðkast í ánni og til eru samfelldar veiðiskýrslur allt frá árinu 1946 (Mynd 2). Mesta veiði sem skráð hefur verið var 1975 er 755 laxar veiddust, en minnsta veiði er skráð 1946 er 83 laxar veiddust.


TAFLA 1

MEDALLAXVEIÐI Í STRAUMFJARDARA EFTIR 5 ARA TÍMABILUM


<u>AR</u>	<u>MEDALVEIÐI</u>
1946-1950	124
1951-1955	238
1956-1960	300
1961-1965	371
1966-1970	514
1971-1975	625
1976-1980	452
1981-1985	338

Á þessu tímabili jókst veiðin hægt og bitandi fram til 1971-1975 er hún náði hámarki og veiddust þá 625 laxar að jafnaði í ánni. Veiðin minnkaði mikið eftir það og veiddust þannig 338 laxar að meðaltali 1981-1985.

MYND 1:
VATNAKERFI STRAUMFJARDARAR.
VEIDISTADIR ERU SYNDIR MED NÚMÉRUM.



MYND 2:
LAXVEIDI A STONG I STRAUMFJARDARA 1946-1985



3. ADFERDIR

3.1 BOTNGERÐ OG STRAUMLAG

Botngerð árinna og straumlag veita mikilsverðar upplýsingar um uppeldis- og hrygningarskilyrði fyrir lax. Bestu búsvæðin eru þannig á smágryttum - stórgrýttum brotum, en þar er mesta skjólið og fæðan fyrir seiðin. Á fingerðum botni finnast ætið fá seiði. Allur ófiskgengi hlutinn var skoðaður og fiskgengi hlutinn að mestu.

3.2 SEIDAATHUGANIR

Rafmagnsveiðar voru gerðar á 6 stöðum á fiskgenga hlutanum og er staðsetning veiðistaða sýnd á mynd 1. Með rafveiðum fæst mat á þéttleika, vexti og árgangastyrkleika laxaseiða. Í þessu tilfalli var ein yfirferð farin í veiði, þannig að heildarstofnstærð á hverjum stað var ekki reiknuð heldur var sá fjöldi sem fékkst á hverjum stað umreiknaður á 100 m² flatarmál. Fæst þannig hlutfallslegur samanburður milli veiðistaða. Af hluta aflans voru tekin sýni til aldurs-ákvarðana.

4. NIDURSTÖÐUR

4.1 BOTNGERÐ OG STRAUMLAG

Baulárvallavatn var skoðað að hluta, er gengið var með norðvesturhluta þess að útfalli Straumfjarðarár. Strandlengjan er á þessum hluta öll grýtt ca. 2-10 m frá landinu. Athuganir á vötnum hafa sýnt að laxaseiði geta nýtt sér stöðuvötn sem uppeldissvæði sérstaklega grynningar þar sem grýttur botn er til staðar og eru að þessu leyti skilyrði til uppeldis laxaseiða í vatninu.

Ófiskgengi hlutinn var athugaður frá útfalli Baulárvallavatns að fossi skammt ofan við Köldukvísl. Fyrsta 1500 m er bratti árinna mikill og mótast botngerð árinna mjög af því. Fossar og flúðir eru margir á þessum hluta, en stórgrýttir kaflar inn á milli. Áin er að meðaltali um 15 m að breidd og er þarna mjög gott uppeldissvæði fyrir laxaseiði. Áætlað er að þar sé um 20.000 m² svæði sem nýtanlegt er til seiðauppeldis. Næstu 2 km rennur áin í litlum halla í gegnum mýrlendi. Botngerð er leir og fín mól og hentar þessi kafli ekki til uppeldis seiða. Víða eru þó djúpir bakkahylir og vafalaust er nokkur fiskur á þessu svæði, sérstaklega stærri urriði. Síðan verður halli árinna meiri að ófiskgenga fossinum. Áin er þar stórgrýtt, en mikið er um klapparbotn. Þó eru á milli ágæt uppeldissvæði. Áætlað er að þar séu um 10.000 m² nýtanlegt svæði til uppeldis. Fossinn er hár ca. 8 m og fellur að nokkru utan í klöpp, en ekki er ástæða til að ætla að hann valdi niðurgönguseiðum skaða.

Fiskgengi hlutinn var einnig skoðaður eftir föngum. Frá ófiskgenga fossinum er ca. 1 km að fossi við bæinn Dal og mun sá foss vera ólaxgengur í miklu vatni. Um er að ræða gott uppeldis- og hrygningarsvæði fyrir lax. Áin var ekki gengin frá Dal niður að þjóðvegi, en það sem sást frá vegi virtist benda til að ágætis uppeldis- og hrygningarskilyrði væru þar fyrir hendi. Á árhlutann frá brú niður að Sjávarfossi rennur áin mest á malarbotni og tiltölulega lítið er um góð uppeldissvæði, sérstaklega fyrir stærri seiði. Góð hrygningarskilyrði eru hins vegar víða, en þau nýtast uppeldinu ekki nógu vel, þar sem stærra grjót vantar. Í heild er þetta svæði því fremur rýrt. Svæðið frá Sjávarfossi niður að ós er svipað. Áin fellur mest á fingerðum malargrýnningum og er allvíða fremur lélegt búsvæði.

4.2 SEIDAATHUGANIR


Þéttleiki laxfiskaseiða ($fj/100\text{ m}^2$) er sýndur í töflu 2 og vöxtur laxaseiða í töflu 3. Einnig er lengdardreifing laxaseiða eftir veiðistöðum sýnd á mynd 3.

Laxaseiði reyndust yfirgnæfandi að fjölda til. Urriði fannst einungis í litlum mæli á neðstu stöðinni (Tafla 2) og ekki varð vart við bleikju.

Klak laxaseiða (árgangur 1986), fannst á 2 stöðum, á stöð 5 skammt ofan við þjóðveg og stöð 6 við bæinn Dal. Seiðin voru nýkomin upp úr mölinni og verður að hitta nákvæmlega á hrygningarsvæði svo snemma sumars til að finna seiðin. Lítið er því hægt að segja um styrkleika árgangsins af þessari rannsókn.

Eins árs seiði (árgangur 1985) fundust alls staðar í verulegu magni. Verður að telja magn þeirra eðlilegt þó samanburð við fyrri ár vanti. Tveggja ára seiði (árgangur 1984) fundust hins vegar í tiltölulega litlu magni, sérstaklega á kaflanum fyrir neðan þjóðveg, og fundust aðallega á stöð 5, þar sem grýttur botn er til staðar. Spurning er hvort þetta ástand sé eðlilegt eða hvort styrkleiki árgangsins sé lítill. Verður því ekki svarað nema með árlegum athugunum. Aðeins eitt þriggja ára seiði fannst og var það í sjógöngubúning. Vöxtur seiða í ánni (Tafla 3) bendir til að áin framleiði seiði mest á 3 árum og í byrjun júlí er líklegt að flest seiðin hafi verið gengin til sjávar. Þessi árgangur (1983), er víða fremur lélegur í íslenskum ám, vegna óhagstæðs árferðis og vatnavaxta á því ári en í Straumfjarðará er ekkert hægt að segja til um styrkleika þessa árgangs þar sem athuganir vantar frá fyrri árum.

MYND 3:
 LENGDARDREIFING OG ALDUR LAXASEIÐA Í STRAUMFJARDARA
 EFTIR VEIÐISTÖÐUM Í JÚLÍ 1986.



5. ALYKTANIR

5.1 FISKGENGI HLUTINN

Astand laxaseiða í Straumfjarðará virðist ágætt hvað yngri árganga varðar (1986 og 1985). Erfitt er hins vegar að meta eldri árganga en magn þeirra virðist í minna lagi. Þar sem samanburð vantar við fyrri ár er þó ekkert hægt að fullyrða varðandi þetta atriði. Ekki er því hægt að sjá fyrir þróun laxaseiða næstu 2 ár, en hún verður mest háð þeim árgöngum sem fóru til sjávar síðastliðið vor (1983 árgangur) og næsta vor (árgangur 1984).

TAFLA 2

FJÖLDI LAXFISKASEIDA SEM VEIDDUST Í EINNI RAFVEIÐIYFIRFERÐ
PER 100 M² BOTNFLATARMÁL Í
STRAUMFJARDARA 10.-11. JULÍ 1986

<u>VEIÐISTADUR</u>	<u>LAX</u>					<u>URRIDI</u>
	<u>0+</u>	<u>1+</u>	<u>2+</u>	<u>3+</u>	<u>ALLS</u>	<u>ALLS</u>
Stöð 1	1.3	6.7	0.3	-	8.3	1.3
Stöð 2	-	7.8	1.8	-	9.6	-
Stöð 3	-	4.1	1.4	-	5.5	-
Stöð 4	-	4.8	0.2	-	5.0	-
Stöð 5	-	9.7	5.3	0.2	15.2	-
Stöð 6	10.1	7.1	0.4	-	17.6	-

TAFLA 3

MEDALLENGD LAXASEIDA Í STRAUMFJARDARA 10.-11. JULÍ 1986
 (Ml=Meðallengd, Sd=Staðalfrávik, n=fjöldi)

<u>Veiðist.</u>	<u>0+</u>			<u>1+</u>			<u>2+</u>			<u>3+</u>		
	<u>Ml</u>	<u>Sd</u>	<u>n</u>	<u>Ml</u>	<u>Sd</u>	<u>n</u>	<u>Ml</u>	<u>Sd</u>	<u>n</u>	<u>Ml</u>	<u>Sd</u>	<u>n</u>
Stöð 1	2.6	0.06	4	5.4	0.40	20	8.5	-	1	-	-	-
Stöð 2	-	-	-	5.2	0.40	31	7.4	0.94	7	-	-	-
Stöð 3	-	-	-	5.1	0.32	9	7.7	0.32	3	-	-	-
Stöð 4	-	-	-	4.9	0.50	20	7.7	-	1	-	-	-
Stöð 5	-	-	-	5.1	0.33	48	7.2	0.65	26	1.23	-	1
Stöð 6	2.5	0.09	52	5.4	0.44	35	8.1	0.07	2	-	-	-

5.2 ÖFISKGENGI HLUTINN

Öfiskgengi hlutinn bíður víða upp á góð skilyrði til laxauppeldis. Skynsamlegt væri að reyna að nýta þann árhúta til aukningar á fiskgengd, sérstaklega er til þess tekið að áin er nú í nokkurri lögð. Áætlað er að nýtileg uppeldissvæði séu um 30.000 m² og tel ég hentugast að beita smáseiða-sleppingu á þetta svæði til ræktunar. Á svæðið mætti sleppa 9-12 þúsund seiði til að fullnýta afkastagetuna. Að auki er hentug uppeldissvæði að finna í Baulárvallavatni sem hugsanlega mætti nýta. Hér er lögð áhersla á að ef sleppingar eru gerðar yrðu seiði af stofni árinna eingöngu notuð, þar sem ætla má að laxastofn árinna sé betur aðlagður að aðstæðum í ánni, en fiskstofnar annara áa.